

Kontrabassi

Nám á kontrabassa getur hafist við 6 til 7 ára aldur svo fremi að til afnota sé hljóðfæri af hæfilegri stærð. Til eru hljóðfæri allt niður í 1/16 af fullri stærð og jafnvel enn minni. Algengast er þó að nemendur hefji nám á unglingsárum þegar líkamsburðir eru orðnir nægir til að valda hljóðfæri af venjulegri stærð, enda hafa tiltölulega fáir kontrabassar í barnastærðum verið fluttir til Íslands hingað til og stutt síðan farið var að framleiða og kenna á slík hljóðfæri.

Margir tónlistarskólar leigja út hljóðfæri til nemenda sinna fyrstu árin, auk þess sem gera verður ráð fyrir hljóðfæri í skólanum til afnota fyrir nemendur í kennslustundum.

Kontrabassi er notaður í fjölmörgum tegundum tónlistar. Mikilvægt er að nemandinn nái undirstöðufærni í tækni og túlkun, færni sem hann síðan getur nýtt sér til hvers kyns tónlistariðkunar innan klassíska sviðsins eða annarra tegunda tónlistar.

(Aðalnámskrá tónlistarskóla)

- - -

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).

